



Kæru hátíðargestir

Ég vil byrja á því að óska ykkur til hamingju með daginn.

Nú eru liðin tvö ár síðan skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis kom út. Skýrslan var miskunnarlaus afhjúpun á græðgi og grimmd fjármálakerfisins sem óx eins og illkynja mein inn í íslenskt hagkerfi. Að hugsa sér, kæru félagar, að örfáir einstaklingar skuli hafa náð að rústa íslensku efnahagslífi með jafn afgerandi hætti og nú blasir við okkur, er ótrúlegt.

Í skýrslunni kom fram afdráttarlaust hverjir báru ábyrgðina. Það eru stjórnendur og eigendur fjármálastofnana og þær eftirlitsstofnanir sem áttu að hafa eftirlit með fjármálakerfinu, þessir aðilar brugðust sínu hlutverki. Í skýrslunni er staðfestur sá grunur að aðaleigendur bankanna, jakkafataklæddir menn á lakkskóm, rændu þá algjörlega innan frá með skelfilegum afleiðingum fyrir allan almenning í þessu landi.

Það er mér óskiljanlegt að þessir snillingar sem tæmdu bankana innan frá í eigin þágu, stórsköðuðu orðstír heillar þjóðar og hafa valdið íslensku þjóðinni, þessari kynslóð og komandi kynslóðum, ómældum þjáningum skuli enn ganga lausir. Almennigur er agndofa yfir því að nánast enginn hefur verið látinn sæta ábyrgð þó svo að liðin séu tæp fjögur ár frá hruni.

Kæru félagar, af hverju er ég að rifja þetta upp? Jú, það er afar mikilvægt fyrir okkur að gleyma því aldrei hvernig þessir aðilar brugðust þessari þjóð og íslenskur almenningur mun aldrei sætta sig við að þessir snillingar verði ekki látnir bera ábyrgð á gjörðum sínum.



Ég rifja þetta líka upp vegna þess að fórnarlömb hrunsins eru alþýða þessa lands en öllu hruninu hefur verið varpað á herðar alþýðunnar. Ríki, sveitarfélög, verslunareigendur og aðrir þjónustuaðilar hafa vaðið ofan í vasa íslensks launafólks til að lagfæra hjá sér efnahagsreikninginn. Við þessa aðila vil ég segja: Þið eruð búin að tæma alla vasa hjá íslenskri alþýðu, þar er ekkert meira að sækja.

Það er þyngra en tárúm taki að sjá og verða vitni að því hvernig hrúnið hefur leikið íslensk heimili. Skuldir heimilanna stökkbreyttust og greiðslubyrði heimilanna hækkaði miskunnarlaust og mörgum heimilum hefur blætt út. Aðgerðir stjórnvalda hafa því miður verið afskaplega takmarkaðar og er hægt að líkja úrræðum stjórnvalda til hjálpar skuldsettum heimilum við að setja plástur á slagæðablæðingu. Einu alvöru leiðréttingarnar sem almenningur hefur fengið eru í gegnum dómstóla en nægir að nefna í því samhengi dóm hæstaréttar vegna gengistryggðu lánanna sem voru dæmd ólögleg.

Ágætu félagar, ég ætla að upplýsa ykkur aðeins um gengistryggðu lánin.

Í dómi Hæstaréttar frá júní 2010 var bönkum og fjármálafyrirtækjum gert að skila ránsfeng að andvirði 120 milljarða til þeirra heimila, fyrirtækja og einstaklinga sem voru með gengistryggð lán. Skil á þessum ránsfeng vilja fjármálastofnanir og stjórnvöld kalla „afskriftir“ til þessara aðila. Það er hins vegar gríðarlega mikilvægt að það komi skýrt fram að hér er alls ekki um neina ölmusu að ræða frá fjármálastofnunum eða stjórnvöldum heldur voru þessir aðilar dæmdir til að skila þýfinu til baka enda voru þessi gengistryggðu lán dæmd kolólögleg í Hæstarétti eins og áður sagði.

Það sorglega í þessu er að Samtök fjármálafyrirtækja vissu vel að gengistrygging íslenskra lána væri brot á lögum enda höfðu samtökin skilað inn umsögn til Alþingis fyrir níu árum þar sem á það var bent að þetta lánaform



stæðist ekki íslensk lög. Þar af leiðandi átti Alþingi einnig að vera það fullkunnugt að þessi lán stæðust ekki skoðun.

Það var ótrúleg atburðarás sem fór af stað eftir að Hæstiréttur var búinn að dæma gengistryggðu lánin ólögleg í júní 2010. Þá var aðalmálið hjá íslenskum stjórnvöldum að slá skjaldborg um fjármálastofnanir á kostnað almennings og milda áhrif dóms Hæstaréttar á fjármálastofnanir. Ríkisstjórnin ákvað að fótum troða lofordið um skjaldborg utan um heimilin og var það gert meðal annars með svokölluðum Árna Páls lögum nr. 151/2010. Í þeim lögum voru vextir Seðlabankans látnir gilda afturvirkir á þessi ólöglegu gengistryggðu lán en þeir vextir voru eins og allir vita mun óhagstæðari en þeir erlendu vextir sem voru á gengistryggðu samningunum. Rétt er í þessu samhengi að rifja upp ummæli Gylfa Magnússonar fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra frá því í júní 2010 en í viðtali við vísir.is segir Gylfi það fráleita niðurstöðu að hinir erlendu vextir fái að standa óhaggaðir. Fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra sagði einnig í þessu viðtali að ríkisstjórnin þurfi auðvitað að haga sér á ábyrgan hátt og koma í veg fyrir að slík niðurstaða ógni fjármálastöðugleika. Hugsid ykkur þessi ummæli, það mátti ekki ógna fjármálastöðugleika banka og fjármálastofnanna, þess vegna þurfti að setja þessi lög voru ummæli fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra. En hvað með fjármálastöðugleika íslenskra heimila? Mátti fórn þeim og það með ólöglegum aðgerðum?

Það ofbeldi sem íslensk heimili hafa mátt þola á sér vart hliðstæðu því það liggur fyrir að fjölmargir lögspekingar og aðrir aðilar sem komu á fund Alþingis voruðu í umsögnum sínum eindregið við því að umrædd lög Árna Páls stæðust alls ekki. Þrátt fyrir þessar aðvaranir voru Árna Páls lögin sett á, lög sem hefðu kostað heimili, fyrirtæki og einstaklinga 64 milljarða í það minnsta ef ekki hefði komið til kasta Hæstaréttar. Til að setja þetta í samhengi þannig að fólk skilji



hversu gríðarlega fjármuni átti að hafa af almenningi með þessari lagasetningu, þá gaf ein besta loðnuvertíð sem verið hefur við Íslandstrendur í áratugi 30 milljarða, það átti því að fremja rán á heimilum, fyrirtækjum og einstaklingum að andvirði tveggja loðnuvertíða.

Hvernig má það vera að enginn virðist vera látinn bera ábyrgð á því að gengistryggð lán voru lánuð til einstaklinga og fyrirtækja þó svo að Samtök fjármálafyrirtækja og Alþingi hafi haft fulla vitneskju um að lánin væru ólögleg eins og ég hef rakið hér áður. Nú hefur komið í ljós, eins og áður sagði, að fjármálastofnanir hafa þurft að leiðrétta 120 milljarða vegna þessara ólöglegu lána. Árna Páls lögin sem voru dæmd ólögleg í Hæstarétti kostuðu almenning 64 milljarða. Samtals er því hér um ránsfeng að ræða að andvirði 184 milljarða og ég ítreka því: Hvernig stendur á því að ekki nokkur einasti maður er látinn sæta ábyrgð vegna þessa?

Ágætu fundarmenn það er ánægjulegt að almenningur sem var með gengistryggð bílalán og húsnæðislán skuli vera búin að fá leiðréttingu á sínum stökkbreytu skuldum vegna hrunsins. Það er hins vegar dapurlegt og ömurlegt til þess að vita að ekkert hefur verið gert vegna þess forsendubrests sem varð á verðtryggðu lánum heimila.

Verðtryggingarvítisvélin hefur farið eins og skýstrókur um íslensk heimili og sogað allan eignarhluta heimilanna í burtu. Til að sýna hvaða ofbeldi íslensk heimili þurfa að þola vegna verðtryggingarinnar þá námu verðtryggðar skuldir heimilanna 1. maí í fyrra 1.271 milljarði sem þýðir miðað við hækkun neysluvísitölunnar að skuldir heimilanna hafa hækkað um tæpa 80 milljarða á einu ári. **Já kærur félagar** 80 milljarða hafa skuldir heimilanna hækkað síðan við stóðum hér í þessum sal í fyrra, bara vegna verðtryggingarinnar.



Frá áramótum hefur neysluvísitalan hækkað um 2,9 % sem þýðir verðtryggðar skuldir heimilanna síðustu þrjú mánuði hafa hækkað um rúma 37 milljarða króna. Til að setja þetta aftur í samhengi við eitthvað sem fólk skilur þá er þetta sama upphæð og kostar að reka Landspítalann. Ég spyr, hvernig í ósköpunum geta íslenskir stjórnámálmenn samþykkt þetta ofbeldi sem íslensk heimili þurfa að þola vegna verðtryggingarvítisvételarinnar?

Ég spyr líka hvernig í ósköpunum stendur á því að núverandi forsætisráðherra sem hefur lagt fram þrjú frumvörp varðandi afnám verðtryggingarinnar þegar hún var í stjórnarandstöðu og færði fyrir því frábær rök skuli ekki gera það þegar hún hefur tækifæri til? Hvergi á byggðu bóli þekkist verðtrygging með þeim hætti sem íslensk heimili þurfa að búa við. Hvaða vitglóra er í því að verðtryggðar skuldir íslenskra heimila geti jafnvel hækkað við uppskerubrest í Brasilíu eða ef einhver harðstjóri í Miðausturlöndum fer vitlaust framúr rúmi að morgni. Þennan skaðvald sem verðtryggingin er þarf að afnema tafarlaust því það stenst enga skoðun að ábyrgðin liggja öll hjá almenningi á meðan að lánveitendur eru tryggðir í bak og fyrir. Hverjir eru það sem berjast með kjafti og klóm fyrir því að verðtryggingin verði ekki afnumin - Jú það eru fjármálastofnanir, fjárfestar og síðast en ekki síst lífeyrissjóðselítan. Lífeyrissjóðirnir hafa hagnast vegna verðbóta á verðtryggðum fasteignalánnum heimilanna um rúma 140 milljarða frá 1. janúar 2008. Nú verða stjórnvöld og Alþingi að hætta að taka stöðu með sérhagsmunahópum og taka stöðu með almenningi því það er morgunljóst að íslenskum heimilum er að blæða hægt og rólega út vegna verðtryggingarinnar.

Kæru félagar. Það fór ekki framhjá neinum þegar rannsóknarskýrsla um starfsemi lífeyrissjóðanna kom fram fyrir nokkrum mánuðum síðan. Skýrsla sem staðfesti 500 milljarða tap á lífeyri íslensks launafólks og það staðfestist í þessari skýrslu að stjórnendur lífeyrissjóðanna stigu trylltan dans með



útrásarvíkingunum enda lá tap lífeyrissjóðanna fyrst og fremst í töpum í föllnu bönkunum og þeim tengdum. Tapið lá hins vegar ekki í sjóðsfélagalánnum enda pössuðu stjórnendur lífeyrissjóðanna sig á því að vera með fullar tryggingar gagnvart sínum eigin sjóðsfélögum. Já kæru félagar, þessir snillingar töpuðu 500 milljörðum króna af okkar lífeyri og enginn ætlar að bera nokkra ábyrgð. Þessir aðilar keyptu líka heilsíðuauglýsingar í öllum blöðum eftir að skýrslan kom út þar sem þeir gáfu til kynna að þetta væri besta lífeyrissjóðskerfi í heimi og sögðu frá því að íslenska lífeyrissjóðskerfið ætti 2100 milljarða. En þeim láðist hins vegar að segja frá því að þá vantar 700 milljarða til að geta staðið við sínar framtíðarskuldbindingar. Já, þá vantar 700 milljarða til að geta staðið við það sem lífeyrissjóðirnir eiga að greiða út til sinna félagsmanna. Hvernig skyldi þessi halli vera réttur af? Jú hann er réttur þannig af að réttindi sjóðsfélaga á hinum almenna vinnumarkaði eru skert en öðru máli gegnir um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. En þann lífeyrissjóð vantar hvorki meira né minna en 440 milljarða króna til að geta staðið við sínar skuldbindingar. Þessar skuldbindingar eru ríkistryggðar sem þýðir ekki nema eitt, að reikningurinn verður sendur á okkur og komandi kynslóðir.

Ég get sagt ykkur það kæru félagar að þetta er grafalvarlegt mál sem þarf að taka á. Hvaða réttlæti er það að almennt verkafólk á hinum almenna vinnumarkaði þurfi að sæta skerðingu á sínum lífeyri á sama tíma og opinberir starfsmenn eru tryggðir hjá ríkinu? Með öðrum orðum, almennt verkafólk fær skertan lífeyri og fær síðan bakreikning frá ríkinu til að lífeyrissjóður opinberra starfsmanna geti staðið við sínar skuldbindingar. Þetta getur vart talist réttlæti og jöfnuður eins og svo margir stjórnámamenn vilja kenna sig við. Ég hef sagt það í ræðu og riti að ég vil að stjórnendur lífeyrissjóðanna, og er ég þá fyrst og fremst að tala um forstjóra og framkvæmdastjóra, axli sína ábyrgð og taki pokann sinn. Ætíð er talað um þegar um ofurlaun er að ræða að ábyrgðin sé svo mikil hjá viðkomandi stjórnendum. Fyrirgefið orðbragðið en hvaða fjandans ábyrgð liggur í því að



tapa 500 milljörðum, vera með sáralitla ávöxtun síðustu 10 ár og halda áfram starfi eins og ekkert sé. Við þessu segi ég ekki nema eitt: Sveiattan.

Ágætu fundarmenn! Ég sagði í ræðu hér á 1. maí 2010 að þegar við vorum að ganga frá kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði árið 2008 þá hafi komið fram aðilar eins og greiningastjórar bankanna, seðlabankastjóri og fleiri ráðamenn og hvatt íslenska verkalyðshreyfingu til að ganga frá afar hófstílltum kjarasamningum sem þá voru í burðarliðnum. Þetta sögðu þeir að væri forsenda fyrir því að stöðugleiki myndi ríkja í íslensku samfélagi. Þessi orð féllu í janúar 2008 frá þessum aðilum. Hugsíð ykkur kærur félagar, 9 mánuðum seinna var íslenskt samfélag komið á hliðina, hrunið var skolið á af fullum þunga. Og hugsíð ykkur líka að forstöðumenn greiningadeildanna þeir höfðu mestar áhyggjur af því að til að tryggja stöðugleika þyrfti að passa að íslenskt verkafólk fengi ekki of miklar launahækkanir.

Þetta var að gerast á sama tíma og verið var að ræna bankana innan frá af jakkafataklæddum mönnum. Af hverju er ég einnig að rifja þetta upp? Jú, það er vegna þess að nú er komið ár síðan undirritaðir voru kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði. Kjarasamningar sem gáfu íslensku lágtekjufólki 11 þúsund króna hækkun á mánuði. Hvað gerðist eftir kjarasamningana? Jú, núverandi seðlabankastjóri og hagfræðingar seðlabankans komu og sögðu: Þetta eru of miklar launahækkanir. Þetta mun hægja á efnahagsbata íslensku þjóðarinnar. Það sækir að mér kaldur hrollur þegar ég hlusta á þessa menn. Vegna þess að þegar Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, var búinn að láta þessi orð falla þá stefndi hann sínum eigin banka af því að hann vildi launahækkun. Hann vildi leiðréttingu á sínum launum, leiðréttingu sem nam 350 þúsund króna hækkun á mánuði. Hvernig í ósköpunum á að vera hægt að taka mark á þessum mönnum? Allt átti að fara til fjandans vegna þess að fiskvinnslukonan, ræstingarkonan og fólk sem lifir á skammarlega lágum



launum fékk 11 þúsund króna hækkun. Svo krefjast þessir menn hækkun á sínum launum sem nema 350 þúsund krónum á mánuði og leita til dómstóla vegna þess. Enn og aftur segi ég sveiattan.

Kæru félagar. Slagorð dagsins er vinna er velferð. Það er ljóst að það er ekki velferð hjá tæplega 12 þúsund manns sem nú eru án atvinnu. Það hafa líka 8.500 manns flutt umfram aðflutta frá landinu frá hruni. Það eru fjölmargir sem eru búnir með sinn bótarétt er lýtur að atvinnuleysisbótum og hafa færst yfir á sveitarfélögin og mælast því ekki inni í atvinnuleysistölum. Þetta er eitt af brýnustu verkefnum íslenskra stjórnvalda, það er að koma tannhjólum atvinnulífsins af stað á nýjan leik. Það er mikilvægt að almenningur í þessu landi átti sig á því að velferð okkar Íslendinga byggist á því að skapa störf sem skila útflutningstekjum.

Við Akurnesingar, við erum heppin. Við erum heppin með þau frábæru fyrirtæki sem nú eru starfrækt á Grundartanga og hafa skilað okkur þeirri velferð sem við búum við hér í okkar samfélagi. Ég verð oft dapur yfir því hversu niðrandi er talað um stóriðjuna á Grundartanga en það er ljóst að hún er að skila íslensku samfélagi gríðarlegum tekjum. Við þurfum að skapa þessum fyrirtækjum góð rekstrarskilyrði þannig að þau hafi áhuga á að fjárfesta hér á landi og skapa þannig fleiri störf. Íslensk stjórnvöld mega ekki undir nokkrum kringumstæðum leggja þannig álögur á fyrirtækin að þau hafi ekki áhuga á að hafa starfsemi sína hér á landi. Það gerðist þegar svokallaður kolefnisskattur átti að leggjast á til dæmis Elkem Ísland. Þar var stórhætta á ferðum að fyrirtækið myndi hverfa af landi brott.

Ég hef einnig áhyggjur af því að það auðlindagjald sem nú á að leggja á útgerðina muni geta ógnað starfsöryggi og kjörum fiskvinnslufólks og sjómanna og ég hef sagt að ég vil nota það svigrúm sem útgerðin hefur til að lagfæra



skammarlega lág laun fiskvinnslufólks. Það var því undarlegt að lesa í umsögn ASÍ að þeir telji að veiðileyfagjaldið muni ekki hafa áhrif á kjör og atvinnuöryggi fiskvinnslufólks og sjómanna. Sérstaklega í ljósi þess að forseti og hagfræðingur ASÍ sögðu fyrir ári síðan þegar við vorum í kjarasamningsgerðinni að ekki væri hægt að fara fram á umframhækkun til handa fiskvinnslufólki vegna þess að útgerðin skuldaði svo mikið. Þeir vildu að fiskvinnslufólk yrði inni í samræmdu launastefnunni margfrægu. En núna koma þeir og segja að það sé ekkert mál að leggja á útgerðina vel á annan tug milljarða, í auðlindagjald.

Þennan málflutning forystumanna ASÍ skil ég ekki en það er svo margt sem ég skil ekki þegar kemur að forystu ASÍ. En ég vil samt sem áður segja að það eru jákvæðir punktar í þessum frumvörpum, eins og til dæmis það að það á að tryggja með afgerandi hætti að auðlindir hafsins séu ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Það sem íslenskri þjóð hefur verið misboðið varðandi útgerðina er þegar þeir hafa selt sig út úr greininni, labbað með hundruð milljóna ef ekki milljarða og skilið fólk eftir í áttahagafjötrum. Það er þetta sem íslenskri þjóð hefur mislíkað illilega.

Eins og ég sagði áður þá er margt sem ég ekki skil þegar kemur að forystu ASÍ. Það fer ekki framhjá neinum að það er gríðarleg gjá á milli hins almenna félagsmanns og forystu ASÍ. Ég hef gagnrýnt forystu ASÍ harðlega í ræðu og riti og tel að þar séu oft á tíðum ekki viðhöfð lýðræðisleg vinnubrögð. Ég get nefnt fjölmörg dæmi:

- Hvað með stöðugleikasáttmálann þar sem verkafólk var skikkað til að fresta og afsala sér launahækkunum 2009.
 - Hvað með stuðning ASÍ við Icesave.
 - Hvað með yfirlýsingar ASÍ um að eina leiðin í gjaldeyrismálum sé innganga í ESB.



- Hvað með andstöðu forystu ASÍ við afnámi verðtryggingarinnar.
- Hvað með það að forysta ASÍ lagðist alfarið gegn því að auka lýðræðið við stjórnarval í lífeyrissjóðunum og að atvinnurekendur víki úr stjórnnum sjóðanna
- Hvað með það að forysta ASÍ lagðist gegn almennri leiðréttingu á skuldum heimilanna.
- Hvað með samræmdu launastefnuna þar sem ekki mátti taka tillit til sterkrar stöðu útflutningsfyrirtækja.
- Hvað með það að forseti ASÍ lagðist gegn því að taka neysluvísitöluna úr sambandi 2008 sem hafði skelfilegar afleiðingar fyrir skuldsett heimili.

Ég dreg það stórlega í efa að forysta ASÍ hafi haft meirihluta sinna félagsmanna á bak við sig í þessum málum. Ég tel að það verði að taka upp betri vinnubrögð af hálfu forystu ASÍ og þeim ber skylda til að hlusta og kanna vilja sinna félagsmanna með afgerandi hætti þegar stór og viðamikil mál eru til umfjöllunar.

Ég tel einnig að það sé afar mikilvægt að forseti ASÍ sé kosinn í allsherjarkosningu á meðal allra félagsmanna innan ASÍ, en ekki á ársfundum ASÍ eins og fyrirkomulagið er núna. Á þessari forsendu mun ég vinna að því að leggja fram lagabreytingu á næsta ársfundi ASÍ þar slíkt kosningafyrirkomulag yrði tekið upp. Það er gríðarlega mikilvægt að forseti ASÍ sé með sterkt bakland, en eins og fyrirkomulagið er núna eru meiri líkur fyrir frambjóðendum að ná kjöri sem forseti Norður-Kóreu en sem forseti ASÍ.

Kæru félagar. Að lokum vil ég segja þetta. Við erum rík. Við eigum gríðarleg verðmæti hér á landi. Nægir að nefna í því samhengi sjávarauðlindina okkar, orkuna og svo ekki sé talað um landið sjálft en áætlað er að uppundir 600



Þúsund ferðamenn muni koma hingað og heimsækja landið okkar í sumar. Á þessari forsendu liggur fyrir að enginn á að þurfa að líða skort hér á landi.

Þegar ný ríkisstjórn tók við í janúar 2009 batt ég vonir við að þau gildi sem hafa verið hér við lýði í áratugi yrðu látin víkja. Þessi gildi lúta að sérhagsmunagæslu, græðgi og einkavinavæðingu en því miður hefur ekki tekist að eyða þessum gildum frá því ný ríkisstjórn tók við. Ég vil fá að sjá ný gildi tekin upp hér á landi, gildi er lúta að réttlæti, jöfnuði og sanngirni. Ef þessi gildi verða tekin upp þá þarf ekki að óttast um framtíð Íslands.

Takk fyrir.